

Miðvikudaginn 20. desember 1989.

Nr. 58/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissakdóknari)
gegn

Guðmundi Inga Björnssyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Fiskveiðibrot. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1989 að ósk ákærða og jafnframt af ákærvaldsins hálfu til þyngingar refsingar og staðfestingar á upptöku afla og veiðarfæra. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var þess krafist til vara, að brot ákærða varðaði refsingu og upptöku afla samkvæmt 12. gr. og 18. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og yrði refsing þá einnig þyngd.

Ákærði krefst þess, að dæmd sekt í hinum áfrýjaða dómi verði lækkuð og felld verði niður ákvörðun héraðsdóms um upptöku veiðarfæra bv. Ásgeirs, RE 60.

Ákærði var að botnvörpuveiðum innan fiskveiðilandhelginnar á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar eru heimilar samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1976, og hefur því ekki brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga þessara. Við veiðarnar notaði ákærði botnvörpu með minni möskvum en mælt er fyrir um í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu. Undanþágu-ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar tekur ekki til veiða á því svæði, þar sem ákærði var að veiðum. Hann hefur því brotið gegn ákvæði 1. mgr. 1. gr., sbr. 10. og 11. gr., reglugerðar þessarar. Sjá dóma Hæstaréttar 20. mars 1989 í málunum nr. 19/1989 og nr. 20/1989.

Fyrir Hæstarétti var málið reifað með hliðsjón af varakröfu ríkissaksóknara, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ber að ákveða ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda nú 100 gullkrónur 3.657,75 krónum. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt 450.000,00 krónur, er skal samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976 renna í Landhelgissjóð Íslands. Rétt þykir, að fjögurra mánaða varðhald komi í stað sektar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla, en andvirði hans skal renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Í 18. gr. laga nr. 81/1976 felst ekki heimild til upptöku veiðarfæra nema við ítrekað brot, og ber að hnekkja niðurstöðu héraðsdóms að því leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra. Þá ber að dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins að $\frac{3}{4}$ hlutum, eins og greinir í dómsorði. Að öðru leyti skal sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Ingi Björnsson, greiði 450.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald fjóra mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli bv. Ásgeirs, RE 60, skal upptækur og andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra er felld úr gildi.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins að $\frac{3}{4}$ hlutum, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 10. desember 1988.**I.***Dómkröfur.*

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri einnig í dag; á hendur Guðmundi Inga Björnssyni, Túngötu 16, Besstastaðahreppi, skipstjóra á skuttogaranum Ásgeiri, RE 60, skipaskrárnúmer 1505, sem er 442 brúttórúmllestir og 49,86 lengdarmetrar, fyrir fiskveiðibrot „með því að hafa um hádegisbil föstudag 9. desember 1988 verið á botnvörpuveiðum á skipinu með botnvörpu, leyfði til karfa-veiða, þ.e. útbúinni poka með 135 mm lágmarksmöskvastærð, í Reynisdjúpi utan Hjörleifshöfða, en á svæði innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem veiðar með slíka botnvörpu eru ekki leyfðar.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 1. mgr. 1. gr., 2. gr. tölul. B, reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 5. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., nefndra laga, nr. 81/1976, og til þess að sæta samkvæmt 3. mgr., sbr. 21. mgr. (sic), sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

II.*Málsatvik.*

Í málinu liggur fyrir afdráttarlaus játning ákærða á ákæruatriðum, og er málavöxtum verður lýst, þykir mega taka tillit til þess. Í samræmi við það teljast málsatvik vera sem hér greinir:

Síðdegis 9. desember 1988 barst embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum sú tilkynning frá stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands, að vs. Óðinn hefði staðið skipstjórann á bv. Ásgeiri, RE 60, að ætluðum ólöglegum veiðum í Reynisdjúpi utan Hjörleifshöfða þá fyrr um daginn, og væru skipin á leið til Vestmannaeyja. Var þess óskað, að embættið hlutaðist til um, að gerðar yrðu viðeigandi ráðstafanir við komu bv. Ásgeirs til hafnar í Vestmannaeyjum, en skipherrann á varðskipinu myndi leggja fram skýrslu sína í sakadómi Vestmannaeyja næsta dag.

Formleg rannsókn hófst fyrir dóminum kl. 10.30 í dag. Skipherrann á varðskipinu hefur lagt fram skýrslu sína, og er hún svohljóðandi:

„Föstudaginn 9. desember 1988 var bv. Ásgeir, RE 60/1505, staðinn að meintu fiskveiðibroti SSA af Kötluanga.

Skipstjóri bv. Ásgeirs er Guðmundur I. Björnsson, nafnnúmer 3050-

1144, fæddur 12.2. 1950, til heimilis að Túngötu 16, Bessastaðahreppi.

Nánari atvik voru sem hér greinir:

Föstudaginn 9. desember, er varðskipið var á eftirlitsferð undan Hjörleifshöfða, sást skip, sem virtist vera að togveiðum við fjögra sjómílna mörkin SSA af Kötlutanga. Kl. 12.00 var stefnu breytt á skipið og samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Hjörleifshöfði r/v 004, fjarlægð 4,2 sjómílar (O.K.).

Skipið miðast í r/v 100, fjarlægð 3,5 sjómílar. Gefur þessi mæling stað skipsins um 2,3 sjómílar innan karfalínunnar.

Kl. 12.06 sást, að skipið var bv. Ásgeir, RE 60, að togveiðum, og var samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Arnardrangur, fjarlægð 4,5 sjómílar.

Reynisdrangar, fjarlægð 9,4 “ (H.S./O.K.).

RE - 60 r/v 110, fjarlægð 2,0 sjómíla. Gefur þessi mæling stað skipsins um 1,85 sjómílar innan karfalínunnar.

Kl. 12.15 var komið að bv. Ásgeiri, RE 60, og sáust togvírar greinilega liggja í sjó. Var togaranum sagt að hífa inn vörpuna, og var samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið hans:

Hjörleifshöfði, fjarlægð 5,9 sjómílar (H.S./O.K.).

Reynisdrangar, fjarlægð 11,0 sjómíla. Gefur þessi mæling stað skipsins um 1,9 sjómílar innan karfalínunnar.

Kl. 12.21 fór léttibátur varðskipsins með 1. stýrimann og tvo háseta yfir í RE 60 til mælinga á afla og veiðarfærum, auk þess sem þeir áttu að gera búnaðarskoðun þar um borð.

Kl. 13.30 hafði 1. stýrimaður (E.S.) samband við varðskipið og sagði, að við mælingu á vörpunni hefði komið í ljós, að RE 60 hefði verið á veiðum með karfapoka. Meðaltalsmöskvastærð 60 mældra möskva væri 142,18 mm.

Kl. 14.58 staðfesti skipstjóri RE 60, að hann hefði verið að veiðum með karfapoka, en talið, að karfalínan næði að fjögra sjómílna mörkunum á þessum slóðum.

Kl. 15.45 var mælingu og skoðun á búnaði RE 60 lokið, og var skipstjóranum sagt að halda til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði rannsakað frekar.

Vindur og sjór höfðu aukist, meðan á mælingu stóð, svo að mælingarmönnum var sagt að vera um borð í RE 60 til Vestmannaeyja.

Mæling á veiðarfærum RE 60 var gerð með mælistiku Landhelgisgæslunnar.

Veiðarfæramælingar varðskipsins fylgja skýrslu þessari, enn fremur úrklippa úr sjókorti no. 32, þar sem staðir skipanna eru markaðir inn á ásamt karfalínunni.

Staðarákvarðanirnar voru gerðar með Sperry MK-16-ratsjá varðsksipsins. Lausi fjarlægðarhringur ratsjárinnar var borinn saman við þá föstu og reyndist réttur.

Veður VSV 6-7, síðan 7-8, eljagangur, sjór 4-5, síðan 5-6.“

Er rannsókn málsins var hafin, lagði skipherra fram svofellda viðbót og leiðréttingu á framangreindri skýrslu:

„Að gefnu tilefni vil ég fá kærú minni breytt úr meintu reglugerðarbroti í meint fiskveiðibrot. Röð mín fyrir þessari breytingu eru þau, að þegar skip eru að veiðum innan ákveðinna fiskveiðimarka með ólögleg veiðarfæri, er um fiskveiðibrot að ræða. Ásgeir, RE 60, var, eins og skýrsla mín vitnar, að veiðum með karfavörpu innan karfalínunnar úti af Kötlu-tanga, þar sem aðeins er heimilt að veiða með þorskvörpu. Skipið var því að ólöglegum fiskveiðum samkvæmt skilgreiningu fiskveiðilaganna.“

Ákærði, Guðmundur Ingi Björnsson, kvaðst viðurkenna brot sitt, en hann hefði talið, að karfalínan næði upp að fjórum mílum. Hann hefði enn fremur haldið sig vera á löglegum veiðum í umrætt sinn, en síðan hefði komið í ljós, að svo var ekki, og átti ákærði þá við, að stýrimaður varðsksipsins hefði komið um borð í skip sitt og bent sér á, hvernig karfalínan lægi. Ákærði sagði, að veiðiferðin hefði hafist fimmtudaginn 8. desember sl., er þeir fóru um miðjan dag úr Reykjavíkurböfn áleiðis á miðin suðaustur af landinu. Varpan hefði verið látin fara á utanverðu Reynisdjúpi klukkan 8.30 árdegis næsta dag. Þeir hefðu tekið eitt hal og afli verið eitthvað u.þ.b. rúm tvö tonn, að mestu leyti karfi, en þó aðeins ýsu- eða þorskblandað. Hann kvað það rétt vera, að varðskipið hefði komið að skipi sínu laust eftir hádegi, og hefðu þá veiðarfæri verið í sjó, og samkvæmt mælingu sinni hefði skip sitt, bv. Ásgeir, RE 60, þá verið SSA af Kötlu-tanga, 4,7 sjómíllur frá landi, þ.e. 1,3 sjómíllur fyrir innan tilgreinda karfalínu, þótt hann þannig teldi, að skip sitt hefði verið rúmlega hálfri sjómíllu sunnar en varðskipsmenn hefðu mælt það, er skipin voru samsíða, þá viðurkenndi ákærði, að það skipti ekki máli fyrir hið ætlaða fiskveiðibrot, því að í báðum tilvikum hefði skip sitt verið vel fyrir innan tilgreinda karfalínu. Ákærði gerði að öðru leyti ekki athugasemdir við skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni. Hann viðurkenndi að hafa verið með skip sitt, bv. Ásgeir, RE 60, á togveiðum með karfapoka á vörpunni (karfavörpu), er varðskipið kom að skipinu. Ákærði kvaðst á engan hátt rengja mælingar varðskipsmanna á möskvastærð veiðarfæra og kvaðst reiðubúinn að staðfesta, að þær væru réttar, en samkvæmt þeim hefðu möskvar verið að meðaltali 142,18 mm. Ákærði viðurkenndi, að sér væri kunnugt um, að reglugerð sú, sem skipherra varðsksipsins vitnaði til í skýrslu sinni, væri á blaðsíðu 229 í sjómannaalmanakinu. Ákærði kvaðst að lokum ekki sjá ástæðu til að mótmæla eða gera athugasemdir við leiðréttingu skipherra

varðsupsins á frumskýrslu, enda væri hann búinn að viðurkenna að hafa verið á veiðum með karfavörpu á tilgreindum stað.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson skipherra kom fyrir réttinn og staðfesti skýrslur þær, sem varðsupsmenn hefðu gert um málið. Vitnið sagði, að stýrimaður varðsupsins hefði haft samband um borð í varðskipið, er hann var kominn um borð í bv. Ásgeir, RE, og sagt, að fyrir lægi játning ákærða um, að hann hefði verið á veiðum með þennan svokallaða karfapoka, sem segi samkvæmt tilvitnaðri reglugerð, að eigi að vera með lágmarksmöskvastærð 135 mm og eingöngu leyfilegur utan hinnar svokölluðu karfalínu. Vitnið sagði það rétt vera, að brotið væri fólgið í því, að ákærði hefði verið með ólögleg veiðarfæri á svæði, þar sem óheimilt væri að vera með veiðarfæri með tilgreindri möskvastærð, 135 mm. Vitnið benti í því sambandi á yfirlitskort yfir karfalínuna, dskj. II,3, en þar kæmi fram, að ekki væri leyfilegt að veiða með þennan karfapoka innar en að sex sjómílum, en samkvæmt mælingum varðsupsmanna hefði hann verið allt upp að fjögurra mílna mörkunum. Vitnið sagði, að karfalínan væri tilgreind í tilvitnaðri reglugerð, 2. gr. hennar, staflíð a (sic). Er vitnið kom aftur fyrir dóminn, hafði það meðferðis framangreinda viðbótarskýrslu og staðfesti, að hún væri gerð þá fyrr um daginn (9. des. 1988). Að beiðni vitnisins var skýrsla þessi lögð fram í málinu, dskj II,8, og kvað vitnið það rétt vera, að óskað væri eftir því, að lítið væri á þessa viðbótarskýrslu sem hluta fyrri skýrslu vitnisins, dskj. II,1. Vitnið staðfesti undirskrift sína undir skýrsluna og skýrði tilurð hennar með eftirgreindum hætti: „Eftir þeim leiðbeiningum eða skilgreiningum, sem ég fékk hjá saksóknara ríksins, er meginmunur á, hvort um er að ræða veiðarfæri, sem er ólöglegt, eða hvort um er að ræða veiðarfæri, sem er í sjálfu sér leyfilegt, en er ekki fullnægjandi. Þá á ég við þorskvörpu, sem er innan leyfilegra marka, t.d. eins og karfalínunnar. Ef þá væri um of smáa vörpu að ræða, væri það reglugerðarbrot, en í þessu viðbótarskjali er um ólöglegt veiðarfæri að ræða.“ Í þessu sambandi kvaðst vitnið eiga við ólöglegt veiðarfæri miðað við það svæði, sem skipið var á að veiðum. Vitnið kvaðst hafa farið yfir allar staðarákvarðanir og sannfærst um, að þær væru réttar og staðir skipsins rétt markaðir á fram lagt sjókort, nr. 32, dskj. II,4.

Vitnið minnti á, að eins og fram kæmi í skýrslu þess, væru allar staðarákvarðanir varðsupsmanna gerðar með Sperry-MK-16-ratsjá varðsupsins, og við hverja staðarákvörðun væru teknar tvær fjarlægðir. Að því er tæki til þriðju mælingarinnar, þegar skipin hefðu verið samsíða, gæti ólík niðurstaða hjá þeim varðsupsmönnum annars vegar og ákærða hins vegar um stað skipsins bv. Ásgeirs, RE 60, stafað af því, að ákærði hefði notað lórantæki við sína mælingu, en þeir ratsjá varðsupsins, eins og að framan greini. Enn fremur sagði vitnið, að ekki væri síður að því að hyggja í þessu

sambandi, að ef ákærði hefði gert sína mælingu á öðrum tíma en þeir á varðskipinu, væri eðlilegt, að misræmi væri í niðurstöðum.

Vitnið Ómar Karlsson, yfirstýrimaður á varðskipinu Óðni, sagðist vera samþykkur þeim skýrslum, sem skipherra hefði lagt fram í málinu, og kvað þær vera réttar. Vitnið sagði, að ákærði hefði ekkert haft við mælingar varðskipsmanna á vörpu togarans að athuga og 1. stýrimaður varðskipisins hefði fengið það staðfest hjá ákærða, að um karfapoka væri að ræða.

Vitnið Guðmundur Emil Sigurðsson, 1. stýrimaður á vs. Óðni, staðfesti mælingaskýrslu sína, dskj. II,2. Vitnið gerði grein fyrir mælingaaðferðum og sagði, að notuð hefði verið lögboðin mælistika. Vitnið kvað það rétt vera, að ákærði hefði viðurkennt að vera með karfapoka, og kvaðst vitnið hafa sýnt ákærða með því að fletta upp á reglugerðinni í sjómannaalmanakinu, að karfalínan næði aðeins upp að sex sjómílum, en ekki upp að fjórum sjómílum, eins og ákærði hefði talið.

Vitnin Jakob Jónsson og Guðmundur Valdimarsson, hásetar á vs. Óðni, staðfestu nafnritanir sínar á skoðunarskýrslunni og kváðu skýrsluna vera rétta, en vitnin unnu við mælingar á möskvum veiðarfæra undir stjórn vitnisins Guðmundar Emils Sigurðssonar, 1. stýrimanns.

III.

Niðurstaða.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi um hádegisbil föstudag 8. desember sl. verið á ólöglegum botnvörpuveiðum á skipi sínu, Ásgeiri, RE 60, í Reynisdjúpi utan Hjörleifshöfða með botnvörpu, leyfðri til karfaveiða, þ.e. útbúinni karfapoka, en á svæði innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem veiðar með slíkri botnvörpu eru ekki leyfðar, allt eins og nánar greinir í ákæruskjali ríkissaksóknara, en þar er broti ákærða rétt lýst og það heimfært til réttra refsíákvæða.

Ætlaður misskilningur ákærða á því, hversu langt karfalínan næði út frá landi, flokkast hvorki undir afsakanlega vanþekkingu né aðra lögvillu (error juris) í skilningi 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940. Í því sambandi ber á það að líta, að afmörkun á svæði karfalinunnar kemur greinilega fram í 2. gr. staflíðar b reglugerðar nr. 125/1979 og þess þar greinilega getið, að hún sé dregin sex sjómílur utan við grunnlínu, sbr. reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975. Báðar framangreindar reglugerðir eru settar samkvæmt lögum. Reglugerð nr. 125/1979 er sett samkvæmt lögum nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og reglugerð nr. 299/1975 er sett samkvæmt lögum nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Báðar reglugerðirnar eru birtar almenningi með lögformlegum hætti í B-deild Stjórnartíðinda sömu ára, og þær eru enn fremur prentaðar óstyttaðar í Íslensku sjómannaalmanaki 1988, sem gefið er út af

Fiskifélagi Íslands og er um borð í hverju íslensku skipi 12 metra eða lengra. Upplýst er í málinu, að ákærða var kunnugt um, að reglugerð nr. 125/1979 var að finna í sjómannaalmanakinu. Refsimildunarsjónarmið 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 getur því augljóslega ekki átt við um brot ákærða.

Það, að skipherra vs. Óðins breytti við meðferð málsins efni kæru sinnar úr meintu reglugerðarbroti í meint fiskveiðibrot samkvæmt eigin upplýsingum í samræmi við leiðbeiningar og skilgreiningar, er vitnið fékk hjá ríkissaksóknara, þykir ekki skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa, enda hafði vitnið sagt við fyrri yfirheyrslu, að brotið væri fólgið í því að vera með veiðarfæri með tilgreindri möskvastærð, 135 mm, á svæði, þar sem óheimilt væri að veiða með slíku veiðarfæri. Vitnið vísaði til yfirlitskorts (gefins út af Sjómælingum Íslands), dskj. II,3, í því sambandi eða eins og vitnið sagði: „Já, eins og benda má á í yfirlitskortinu yfir karfálínuna, dskj. 3, að þar er ekki leyfilegt að veiða með þennan karfapoka innar en að sex mílum, en samkvæmt okkar mælingum var hann allt upp að fjögurra mílna mörkunum.“ Ákærði fór enn fremur ekki í grafgötur um það, hvert kæruefnið var, þ. á m., að hér var um svonefnt svæðisbrot að ræða. Þótt, eins og að framan greinir, þetta atriði skipti ekki máli fyrir niðurstöðu málsins, eru allar breytingar á kæruefnum við meðferð opinberra mála óheppilegar, enda verður að ætlast til þess, að starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands séu svo vel upplýstir, að þeir geti með fullkomnu öryggi lagt fyrir dómstóla kærur, þar sem kæruefnið kemur skýrt og ótvírætt fram og ekki þurfi breytinga við.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 9. des. sl., segir svo: „Samkvæmt gullgildi 9. desember 1988 jafngilda 100 gullkrónur 2.812,83 - tvö þúsund átta hundruð og tólf 83/100 krónum.“

Ákærði, Guðmundur Ingi Björnsson, er sakhæfur. Hann er fæddur 12. febrúar 1950 í Reykjavík og hefur samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins á tímabilinu frá 1969 til 1975 þrisvar í dómsáttum undirgengist greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot og einu sinni sektargreiðslu fyrir áfengis- og tolllagabrot.

Er ákærða verður ákvörðuð refsing, þykir mega hafa hliðsjón af framkomu ákærða við rannsókn málsins, en hún var til fyrirmyndar.

Samkvæmt refsíðkvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, og með hliðsjón af stærð skuttogarans Ásgeirs, RE 60, og málsatvikum að öðru leyti, þ. á m. góðri framkomu ákærða, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt 450.000,00 kr. til Landhelgisgæslu Íslands, og komi varðhald sex mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri bv. Ásgeirs, RE 60, voru metin til peningaverðs af

dómkvöddum matsmönnum, þeim Sigurði Inga Ingólfssyni netagerðarmeistara og Ágústi Helgasyni fiskimatsmanni, og staðfestu þeir mat sitt hér fyrir dóminum og komust að svofelldri niðurstöðu:

„Mat á fiski:

Karfi	34	kassar, samtals	1870 kg á 15,58 =	29.135,00 kr.
ufsi	4	“ “	220 kg á 17,34 =	3.815,00 kr.
þorskur	3	“ “	165 kg á 29,00 =	4.785,00 kr.
ýsa	3	“ “	165 kg á 27,16 =	4.481,00 kr.
Afli samtals				42.216,00 kr.

Troll og meðfylgjandi:

tvö st. troll á dekki ásamt tveimur bobbingalengjum, annað trollið rifið, samtals	900.000,00 kr.
fiskitroll á tromlu	275.000,00 kr.
flottroll á tromlu, frágengið til geymslu, óverðlagt	
varagrandarar	63.000,00 kr.
varastykki í troll	112.000,00 kr.
togvír, 1000 fml. 3 ¼“	165.000,00 kr.
toghlerar fyrir flottroll í geymslu, óverðlagt.	
toghlerar, 2 stk., frá Hleragerðinni	245.000,00 kr.
Samtals	1.760.000,00 kr.

Við mat þetta þykir verða að styðjast, þótt matsgerðin beri ekki annað með sér en matsmenn hafi aðeins metið annan togvirinn. Þrátt fyrir framangreindan annmarka verður ekki hróflað við niðurstöðutölu matsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali, ber með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 að gera allan framangreindan afla og veiðarfæri, þar með talda dragstrengi, upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari (dómsformaður) kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Kristni Pálssyni skipstjóra og Finnboga Ólafssyni netagerðarmeistara.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Ingi Björnsson, greiði 450.000,00 kr. í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi sex mánuði.

Öll veiðarfæri bv. Ásgeirs, RE 60, þar með taldir dragstrengir, svo

og allur afli innan borðs skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
